



Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Árnesi
801 Selfossi

Garðabær, 12.6.2025
Málsnúmer: 202504-0056
MH

Efni: Deiliskipulag fyrir Löngumýri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Vísað er til erindis Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 30. apríl 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Löngumýri (L209076).

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framlagða tillögu og vill koma eftirfarandi á framfæri:

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið sé algróið og óraskað og þar sé að finna vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi, þar á meðal víðikjarrvist, starungsmýravist, língresis- og vingulsvist og gulstararflóavist. Þessar vistgerðir eru jafnframt á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í deiliskipulagsskilmálum er kveðið á um að leitast skuli við að staðsetja byggingar, vegi og bílastæði með hliðsjón af gróðurfari og vistgerðum til að lágmarka rask. Náttúrufræðistofnun tekur undir þetta markmið og leggur ríka áherslu á að framkvæmdum verði hagað þannig að rask á gróðri verði í lágmarki, sérstaklega á vistgerðum með hátt verndargildi.

Í greinargerð kemur einnig fram að svæðið sé hluti af mikilvægu fuglasvæði líkt og nær allt Suðurlandsundirlendið. Svæðið er þýðingarmikið fyrir fugla, einkum vegna hás þéttleika vaðfugla sem margir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands. Miðað er við að um eða yfir 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum. Dreifbýli á Suðurlandi er undir miklu álagi vegna mannlegra athafna og er búsvæðaskerðing, einkum vegna landnotkunar, ein helsta ógning við vaðfugla sem háðar opnum, fremur snöggglendum svæðum. Af þessum sökum er sérstaklega mikilvægt að forðast framkvæmdir á varptíma fugla og halda raski í lágmarki við allan undirbúning og framkvæmd uppbyggingar.

Skipulagssvæðið er staðsett á Þjórsárhrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þrátt fyrir að hraunið sé algróið á þessum stað getur það haft jarðfræðilegt og jarðsögulegt verndargildi. Stofnunin mælir með að jarðmyndanir á svæðinu verði kortlagðar og metnar með tilliti til verndargildis áður en framkvæmdir hefjast.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur